

Nefndasvið Alþingis

Aðeins sent á netfang: nefndasvid@althingi.is

1. september 2016

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um Umhverfisstofnun - 674. mál

Landvernd sendir inn neðangreinda umsögn um frumvarp til laga um Umhverfisstofnun.

Í umsagnarferli frumvarpsdraga í umhverfis- og auðlindaráðuneyti fyrr á þessu ári, veitti Landvernd ítarlega umsögn, þar sem samtökin gerðu alvarlegar athugasemdir við starfsemi Umhverfisstofnunar á sviði náttúruverndar. Er að litlum hluta gerð grein fyrir þeim athugasemdum í kafla V með nýframlögðu frumvarpi þar sem fjallað er um samráð, en þar kemur eftirfarandi fram í upphafskafla almennra athugasemda með frumvarpinu, er varðar samráð:

Þar sem Umhverfisstofnun tók þátt í vinnu við gerð frumvarpsins hefur stofnunin ekki víðtækar athugasemdir við efni þess. Stofnunin bendir þó á að ákvæði um náttúruvernd þyrftu að vera skýrari. Ábendingar sama eðlis komu frá Náttúrufræðistofnun Íslands, Samtökum atvinnulífsins og Samtökum iðnaðarins, sbr. umfjöllun síðar í þessum kafla.

Ekki er hér minnst á athugasemdir Landverndar. Síðar í sama kafla almennra athugasemda segir þó að Umhverfisstofnun sjálf, Náttúrufræðistofnun Íslands, Landvernd, Samtök atvinnulífsins og Samtök iðnaðarins hafi gert athugasemdir við ákvæði frumvarpsins sem fjalla um náttúruvernd. Segir að tekið hafi verið undir ábendingar um á nauðsyn skýrari ákvæða um náttúruvernd og einni efnisgrein um hana skipt upp í tvær greinar, sem eru nú 7. og 8. gr. frumvarpsins. Þessu fagnar Landvernd að sjálfsgöðu, en telur fráleitt að þessi tvö ákvæði hafi nein teljandi áhrif til bóta á þann vanda sem náttúruvernd á við að etja undir umsjá Umhverfisstofnunar. Þennan vanda hefur ekki aðeins Landvernd bent á, heldur er á hann bent í stjórnsluúttekt Ríkisendurskoðunar frá 2006, sem telja má eina helstu ástæðu framlagðs frumvarps, ásamt þremur skýrslum er gerðar voru í kjölfar þeirrar úttektar, 2009, 2011 og 2013, og reifaðar voru af Landvernd í umsögn um frumvarpsdrögin á undirbúningstíma frumvarpsins.

Landvernd lýsir vonbrigðum með það að ráðuneytið hafi ekkert unnið úr þeim ítarlegu og rökstuddu athugasemdum sem bárust frá Landvernd um frumvarpsdrögin í febrúar sl., að því er varðar náttúruvernd, þó telja megi til bóta, líkt og áður segir, að náttúruvernd er nú í frumvarpinu gerð skil í tveimur efnisgreinum, 7. og 8. gr., í stað einnar áður. Það breytir ekki því að Umhverfisstofnun virðist ekki í stakk búin til að takast á við náttúruverndarmál, meðal annars friðlýsingarmál, á meðan engar

auknar fjárveitingar koma frá fjárveitingarvaldinu og enginn raunverulegur vilji er til þess að takast á við þann vanda sem náttúruverndin á við að etja innan stofnunarinnar, þar sem meðal annars er nánast alger ördeyða í undirbúningi friðlýsinga. Landvernd setur þá spurningu fram hvort ekki megi forgangsraða betur í þágu náttúruverndar, einkum undirbúning friðlýsinga, með aukinni áherslu á þann málaflokk í lögum. Skemmst er að minnast þess að á valdatíma núverandi ríkisstjórnar hefur Umhverfisstofnun ekki tekist að afgreiða frá sér til ráðherra nema eina fullbúna friðlýsingu til ákvörðunar, en þar er um ræða fólkvang á Glerárdal sem hafði verið í vinnslu hjá stofnuninni í fjögur ár, auk þess sem undirbúningur að friðlýsingu Kerlingarfjalla var í vor settur í hraðmeðferð hjá stofnuninni að fyrirskipan ráðherra, en Landvernd gerði fjölmargar athugasemdir við drög að auglýsingu stofnunarinnar og skorti á aðkomu náttúruverndarsamtaka að undirbúningi. Undirbúningi stofnunarinnar að friðlýsingu Kerlingarfjalla virðist hafa verið svo áfátt að enn hefur ekki tekist að lýsa yfir friðlýsingu. Hefur þá ekki verið minnst á þá grafalvarlegu staðreynd að ekki hefur enn verið friðlýst eitt einasta þeirra svæða er Alþingi ákvað með þingsályktun í janúar 2013 að skyldu friðlýst sem verndarflokkur s.k. rammaáætlunar skv. lögum nr. 48/2011. Slík er staða friðlýsingarmála hjá Umhverfisstofnun, og lítur stjórn Landverndar þannig á að með lögfestingu nýrra laga um Umhverfisstofnun yrði ekkert gert til þess að takast á við þennan brýna vanda, heldur yrði hann þvert á móti festur í sessi. Landvernd leggst því alfarið gegn því að frumvarpið verði óbreytt að lögum.

Ítrekar Landvernd efnislegar athugasemdir sínar frá 15. febrúar 2016 og fara þær óbreyttar hér á eftir í viðauka.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar Landverndar

Sif Konráðsdóttir, hrl.

VIÐAUKI

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið

Sent á netfang: postur@uar.is

15. febrúar 2016

EFNI: Umsögn um drög að frumvarpi til laga um Umhverfisstofnun

Hinn 25. janúar sl. kynnti umhverfis- og auðlindaráðuneytið (ráðuneytið) á heimasíðu sinni drög að frumvarpi til nýrra laga um Umhverfisstofnun (stofnunin) og óskaði eftir umsögnum.

Landvernd, umhverfisverndarsamtökum, var að eigin beiðni veittur frestur til dagsins í dag. Veita samtökin hér með umsögn sína um frumvarpsdrögin.

Yfirlit umsagnar

1	Stjórnsýsluvandi náttúruverndar og úrbætur	3
1.1	Þjóðgarðastofnun - Landvörslustofnun	4
1.2	Skýrslur og gögn um náttúruvernd og friðlýst svæði	4
1.3	Verndaraðgerðir	8
1.4	Aðskilnaður mengunarvarna og náttúruverndar	9
1.5	Tillaga Landverndar	10
2	Kynning frumvarpsdraganna og tilefni lagasetningar	10
3	Vandi Umhverfisstofnunar er vandi náttúrunnar.....	12
3.1	Friðlýsingartregðan.....	12
3.2	Útfærsla verkefna - eða ný verkefni náttúruverndarlaga.....	14
3.3	Ný verkefni	15

1 Stjórnsýsluvandi náttúruverndar og úrbætur

Stjórn Landverndar fagnar því að fram fari endurskoðun á lögum um Umhverfisstofnun. Samtökin telja þó mjög langt frá því að þau frumvarpsdrög sem nú liggja fyrir leysi þann vanda sem lengi hefur steðjað að stjórnsýslu

Ríkisendurskoðun 2006

„Umhverfisstofnun sinnir fyrst og fremst stjórnsýsluverkefnum og eru verkefni hennar við rekstur þjóðgarða nokkuð á skjön við það hlutverk.“

náttúruverndarmála á Íslandi. Þvert á móti myndi löggjöf á grunni þessarar frumvarpdraga festa óviðunandi ásand í sessi.

Landvernd færir fram sjónarmið sín og röksemdir hér á eftir og setur fram tillögur til úrbóta um stjórnarsýslu náttúruverndarmála.

Setning laga nr. 90/2002 fól í sér samrekstur nokkurra stórra málaflokka, þ.e. mengunarvarna, hollustuhátta, náttúruverndar, stjórnunar á stofnstærð villtra dýra og dýraverndar.

Stjórn Landverndar tekur fram að hún hefir ekki mótað sér skoðun á frumvarpsdrögum að því er varðar önnur svið en náttúruvernd, þ.e. þeim fjölmörgu öðrum málaflokkum þar sem Umhverfisstofnun gegnir veigamiklu stjórnarsýsluhlutverki á sviði öryggis, heilnæmis og neytendaverndar; matvælaeftirlit, mengunarvarnir, hollustuhættir, eiturefnamál, heilbrigðiseftirlit, dýraveiðar og veiðistjórn, erfðabreyttar lífverur, stjórn vatnamála, mengun hafs og stranda, umhverfisábyrgð, loftslagsmál og meðhöndlun úrgangs.

Capacent 2009

„Að mati margra hefur málaflokkurinn friðlýst svæði og þjóðgarðar ekki fengið nægjanlegt vægi...“

1.1 Þjóðgarðastofnun - Landvörslustofnun

Stjórn Landverndar er eindregið þeirrar skoðunar að stofna beri sérstaka stofnun, Þjóðgarða- eða Landvörslustofnun Íslands, er sjái um og reki alla þjóðgarða, önnur friðlýst svæði og þjóðlendur á Íslandi. Verksvið hennar gætti einnig tekið til jarðnæðis í eigu hins opinbera, svo sem landgræðslusvæða og þjóðskóga.

Tillögur af þessu tagi eru þó alls ekki nýjar af nálinni. Hafa samtökin m.a. ályktað um þetta margsinnis, m.a. í fréttatilkynningu er þau sendu frá sér 7. október 2015. Í þeirri ályktun var einnig bent á hið flókna fyrirkomulag stjórnarsýslu, eins og hún er í dag, sjá töflu 1 hér að neðan.

Í kafla 1.2 verður fjallað um skýrslur er gerðar hafa verið um stofnanauppbygginu Umhverfisstofnunar og fyrirkomulag stjórnarsýslu náttúruverndar á Íslandi á undanförunum árum.

Hagræðingarhópur 2013

„Vatnajökulþjóðgarður, Þjóðgarðurinn á Þingvöllum og sá hluti Umhverfisstofnunar sem hefur umsjón með friðlýstum svæðum verði sameinuð í eina þjóðgarðastofnun.“

1.2 Skýrslur og gögn um stjórnarsýslu náttúruverndar

Tillögur í þá veru að sameina verkefni á sviði náttúruverndar í einni stofnun komu í kjölfar stjórnarsýsluúttektar Ríkisendurskoðunar fyrir áratug. Í fyrsta lagi komu fram og voru rökstuddar tillögur í þá veru í ítarlegri ráðgjafarskýrslu er Capacent gerði af

beiðni umhverfis- og auðlindaráðuneytis 2009 og sjá má í grófum dráttum á mynd nr. 1 hér fyrir neðan. Í *öðru lagi* hreyfði Umhverfisstofnun því í bréfi sínu til umhverfis- og auðlindaráðuneytis 24. mars 2009, að umsjón og rekstur þjóðgarða og annarra friðlýstra svæða yrði færð í sérstaka stofnun, og færði fyrir því gild rök. Tillögur um að komið verði á fót sérstakri þjóðgarðastofnun, komu svo í *þriðja lagi* fram og voru útfærðar nánar í ráðgjafarskýrslu um þjóðgarða og friðlýst svæði er fyrirtækið Stjórnarhættir gerði fyrir ráðuneytið 2011.

Í *fiórða lagi* komu tillögur um sameiningu verkefna þjóðarða og annarra friðlýstra svæða fram í Hvítbók um löggjöf til verndar náttúru Íslands 2011. Í Hvítbók koma skýr tilmæli fram um að ein stofnun sjái um stjórn þjóðgarða og friðlýstra svæði. Fram kemur í kafla 21 um stjórnvöld náttúruverndamála það álit nefndarinnar sem vann að Hvítbók að skoða eigi ávinning af því að sameina sem mest verkefni sem fela í sér umsjón og vörslu lands og eftirlit með því. Einróma álit nefndarinnar var að óheppilegt sé að stjórn þjóðgarða landsins sé ekki samræmd. Taldi nefndin æskilegt að yfirstjórn þeirra væri í höndum einnar stofnunar sem hefði umsjón og vörslu lands og eftirlit með friðlýstum svæðum, friðuðum landgræðslusvæðum og þjóðskógum.

Í *fimmta lagi* komu tillögur um þjóðgarðastofnun frá hagræðingarhópi ríkisstjórnarinnar um aukna framleiðni og skilvirkni í ríkisrekstri í nóvember 2013. Byggði hagræðingarhópurinn á ofangreindri ráðgjafarskýrslu Capacent sbr.: „Hugmyndir um breytta stofnanauppbyggingu stofnana umhverfisráðuneytisins frá júní 2009. (Ekki aðgengilegt á vef)“. Hagráðingurinn byggði einnig á ofangreindri skýrslu Stjórnarháttar sbr. „Skýrsla um breytta skipan umhverfisstofnana: Þjóðgarðar og friðlýst svæði. (Ekki aðgengilegt á vef.)“ Lagði hagræðingarhópurinn m.a. til að:

“Vatnajökulsþjóðgarður, Þjóðgarðurinn á Þingvöllum og sá hluti Umhverfisstofnunar sem hefur umsjón með friðlýstum svæðum verði sameinuð í eina þjóðgarðastofnun. Tryggð verði aðkoma hlutaðeigandi sveitarfélaga og annarra hagsmunaaðila að stjórnun einstakra svæða“.¹

Í *sjötta lagi* segir í nýrri stefnu ríkisstjórnarinnar í ferðamennsku, Vegvísinum svokallaða, sem birt var í október 2015:

“Lagt er til að þjóðgarðar, önnur friðlýst svæði og þjóðlendur verði á einni hendi innan stjórnkerfisins í stað þess að heyra undir þrjár stofnanir eins og

¹ Sjá <https://www.forsaetisraduneyti.is/frettir/nanar/nr/7776>

Hvítbók 2011

“Í takt við breyttar aðferðir og áherslur í náttúruvernd telur nefndin æskilegt að stefnt verði að endurskipulagningu íslenskrar stjórnýslu á þessu sviði”

nú er. Markmiðið er að tryggja skilvirka stjórnsýslu, tryggja að náttúruverndarsjónarmið njóti sín, skerpa á rekstrarforsendum, skapa sameiginlegt yfirbragð gagnvart gestum í náttúru Íslands og bæta upplifun ferðamanna. Þó verði tryggt að þinghelgi Þingvalla verði áfram í umsjón Alþingis”.

Í sjöunda lagi er stendur nú yfir vinna starfshóps á vegum umhverfis- og auðlindaráðuneytisins við samþættingu verkefna Umhverfisstofnunar sem lúta að verndaraðgerðum og uppbyggingu vegna hennar, á náttúruverndarsvæðum og almennt í íslenskri náttúru, og sambærilegra verkefna Langræðslunnar, sbr. auglýsingu á vef ráðuneytisins frá 6. júlí 2015.

Stjórn Landverndar tekur einfaldlega heils hugar undir þessi sjónarmið. Þó telja samtökin síðasta atriðið sem nefnt er hér að ofan, samþættingu þess hluta Umhverfisstofnunar sem lýtur verndaraðgerðum og uppbyggingu vegna hennar, á náttúruverndarsvæðum og almennt í íslenskri náttúru og verkefnum Landgræðslunnar, ganga of skammt. Þá verður að teljast sérkennilegt að ekki sé beðið efir niðurstöðu þessarar vinnu áður en frumvarpsdrög þessi eru sett í kynningu. Starfshópurinn átti að skila greinargerð til ráðherra fyrir 1. nóvember sl.

Hvítbók 2011

“[...] óheppilegt [...] að stjórn þjóðgarða landsins sé ekki samræmd og telur æskilegt að yfirstjórn þeirra væri í höndum einnar stofnunar”

Capacent 2009

„Með sameiningu þjóðgarða og friðlýstra svæða myndi skapast sterkari eining sem hefur umsjón með rekstri allra þjóðgarða og friðlýstra svæða og hefur það hlutverk að vernda landslag, lífríki, jarðmyndanir og menningarminjar svæðisins og gefa almenningi kost á að kynnast og njóta náttúru þess og sögu.“

Stjórn Landverndar telur rök standa til þess að ný þjóðgarðastofnun eða landvörslustofnun fari einnig með náttúruverndarverkefni, önnur en umsjón og rekstur friðlýstra svæða, þ.e. vinnu við friðlýsingu nýrra svæða og umsjón með náttúruverndaráætlunum, sbr. kafli 1.2. hér á eftir. Stjórn Landverndar telur á hinn bóginn ekki rök fyrir samrekstri tveggja höfuðgreina umhverfisverndar, mengunarmála og náttúruverndarmála, frekar en raunin er í Danmörku, Finnlandi og Noregi. Um það verður fjallað í kafla 1.3 hér á eftir.

Lýsir stjórn Landverndar yfir furðu á því að þrátt fyrir að áratugur sé að verða frá því að Ríkisendurskoðun benti á það, í sérstakri stjórnsýsluúttekt á Umhverfisstofnun, hve illa það færi með hlutverki stofnunarinnar að öðru leyti, að sjá um rekstur þjóðgarða og annarra friðlýstra svæða, skuli ekki tillögur, og ekki einu sinni umfjöllun,

vera að finna í greinargerð með kynntum frumvarpsdrögum, um slíkan aðskilnað. Verður nánar fjallað um það í kafla 2 í þessari umsögn.

Líkt og Ríkisendurskoðun benti á í eftirfylgni stjórnarsýsluúttektar sinnar, árið 2010, eru fordæmi í lögum nr. 60/2007 um Vatnajökulsþjóðgarð fyrir því að öðrum aðila en Umhverfisstofnun sé falin umsjón og rekstur þjóðgarðs. Stjórn Landverndar bendir á að vel virðist hafa tekist til með rekstur og stjórnun þessa stærsta þjóðgarðs í Evrópu, frá því hann var stofnaður.

Stjórnarhættir 2011

„Vatnajökulsþjóðgarður, Þingvallabjóðgarður og sá hluti Umhverfisstofnunar sem hefur umsjón með friðlýstum svæðum verði sameinuð í sérstaka stofnun sem heyrir undir umhverfissráðuneytið.“

Stjórn Landverndar tekur undir sjónarmið bæði ráðgjafa og stjórnvalda í fyrrgreindum skýrslum, auk Umhverfisstofnunar sjálfrar, í þá veru að rekstur þjóðgarða og annarra friðlýstra svæða samrýmist trauðla starfsemi Umhverfisstofnunar að öðru leyti. Hið víðfeðma svið er Umhverfisstofnun var falið með setningu laga nr. 90/2002 virðist hafa reynst henni afar þungt í skauti, stjórnunarlega og fjárhagslega, allt frá því að hún tók til starfa. Með nýlega samþykktum náttúruverndarlögum nr. 60/2013 var síðan enn aukið við hlutverk Umhverfisstofnunar á sviði náttúruverndar, svo sem nánar verður fjallað um í kafla 3 í þessari umsögn. Þá er þess að geta að umsjón og rekstur alls lands í ríkiseigu, sem ástæða væri til að hafa undir einni stofnun er ærið verkefni, enda um svæði að ræða sem nemur góðum helmingi flatarmáls alls þurrlendis á Íslandi.

Stjórnarhættir 2011


„Þingvallanefnd gegni sambærilegu hlutverki og þjóðgarðsráð og umdæmisráð en hafi auk þess óskoruð umráð yfir þinghelginni á Þingvöllum“

Í ályktun sinni frá 7. október 2015 setti Landvernd fram yfirlit yfir flókið fyrirkomulag stjórnarsýslu eins og hún er í dag, sjá töflu 1. Stjórn Landverndar telur að vinna eigi að samþættingu og verkaskiptingu á svipaðan hátt og Capacent lagði til í skýrslu sinni 2009 og sýnd er á mynd 1, og bæta að auki við þjóðlendum. Þinghelgina á Þingvöllum mætti að mati stjórnar Landverndar skilja undan og koma fyrir með líkum hætti og gert er ráð fyrir í skýrslu Stjórnarháttanna frá 2011.

Ráðuneyti	Stjórnarsýsla/umsjón	Dæmi um svæði/staði/fyrirbæri
Umhverfissráðuneyti	Umhverfisstofnun	Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull, Mývatn og Laxá, Hornstrandir, Friðland að fjallabaki, Þjórsárver, o.fl.
	Vatnajökulsþjóðgarður	Vatnajökulsþjóðgarður
	Landgræðslan	Dimmuborgir, Húsafell, o.fl.
	Skógræktin	Ásbyrgi, Vatnshornsskógur, Þórsmörk, Vaglaskógur, Hallormsstaðaskógur, o.fl.
	Skrifstofa landgæða / Breiðafjarðarnefnd (ráðgefandi)	Breiðafjörður/eyjar og fjörur
Alþingi	Þingvallanefnd	Þjóðgarðurinn á Þingvöllum

Forsætisráðuneytið	Minjastofnun Íslands	Gömul mannvirki, verbúðir, túngarðar, áveitur o.fl.
	Skrifstofa löggjafarmála	Þjóðlendur, stór hluti miðhálandisins
Fjármála- og efnahagsráðuneyti	Fasteignir ríkissjóðs - Jarðaðamsýsla,	Flatey á Breiðafirði, Skáleyjar, Flatey á Skjálfanda, Skrúður, Möðrudalur, Selárdalur, Búðir o.fl. Þjóðjarðir

Tafla 1. Yfirlit Landverndar um stjórnun friðlýstra svæða og landnáðis í eigu hins opinbera



Mynd 1. Úr skýrslu Capacent, september 2009.

1.3 Verndaraðgerðir

Stjórn Landverndar hefur vaxandi áhyggjur af stjórnarsýslu og stöðu friðlýsingarmála á Íslandi, og mun fjalla um það ítarlega í kafla 3 hér á eftir. Vandann kann að miklu leyti að vera unnt að skýra með því að fjárveitingarvaldið veiti ekki nægilegu fjármagni, eða nánast engu nú um stundir, í málaflokkinn. Það breytir ekki því að undirbúningur friðlýsinga er í skötulíki hjá Umhverfisstofnun, sem ekki virðist geta forgangsraðað og nýtt rekstrarfé sitt til undirbúnings friðlýsinga þannig að einhver bragur sé á. Svo rammt kveður að aðgerðarleysi Umhverfisstofnunar, að jaðrar við sinnuleysi, líkt og rakið er í kafla 3.

Í frumvarpi til nágildandi náttúruverndarlaga er hlutverki Umhverfisstofnunar á sviði náttúruverndar lýst svo:

„Umhverfisstofnun fer m.a. með eftirlit með framkvæmd laganna, veitir leyfi og umsagnir samkvæmt ákvæðum laganna, annast umsjón og rekstur náttúruverndarsvæða, ber ábyrgð á gerð umsýsluáætlana fyrir friðlýst svæði, sinnir fræðslu og veitir ráðherra ráðgjöf um náttúruverndarmál. Þá annast stofnunin undirbúning friðlýsinga, metur nauðsynlegar verndarráðstafanir á svæðum sem til greina kemur að setja á framkvæmdaáætlun og sér um kynningu tillögu að endurskoðaðri náttúruminjaskrá og úrvinnslu umsagna vegna hennar. Náttúrufræðistofnun Íslands annast m.a. skráningu náttúruminja og mat á verndargildi þeirra, hefur umsjón með C-hluta náttúruminjaskrár og gerir tillögur um nýskráningar í hann sem og tillögur um minjar sem ástæða væri til að setja á framkvæmdaáætlun. Stofnunin ber ábyrgð á vöktun í samræmi við ákvæði laganna og skipuleggur framkvæmd hennar, veitir umsagnir samkvæmt lögum þessum, sinnir fræðslu og veitir ráðherra ráðgjöf um náttúruverndarmál.“

Stjórn Landverndar er þeirrar skoðunar að flest þessi verkefni ætti að flytja til nýrrar stofnunar, Þjóðgarðastofnunar eða Landvörslustofnunar Íslands, og innan þeirrar stofnunar yrðu þannig bæði verndaraðgerðir og umsjón og rekstur friðlýstra svæða, en vöktun og eftirlit yrði á hendi Umhverfisstofnunar.

Þau störf sem nú eru unnin í Umhverfisstofnun á sviði verndaraðgerða; náttúruverndaráætlun, náttúruminjaskrá, (mat á verndargildi er hjá Náttúrufræðistofnun Ísland), undirbúningur friðlýsingar og tillaga um friðlýsingu, eru vissulega annars eðlis er rekstur og umsjón þjóðgarða og annarra friðlýstra svæða. Hinsvegar eiga þau mun meira sameiginlegt með síðastnefndu verkefnum, heldur en öðrum verkefnum sem Umhverfisstofnun hefur á hendi. Þannig hafa önnur Norðurlönd, utan Svíþjóðar, einnig komið þeim fyrir, svo sem rakið verður í næsta kafla.

Leggur Landvernd til að verndaraðgerðum sé komið fyrir í nýrri þjóðgarðastofnun eða landvörslustofnun, ásamt umsjón og rekstri friðlýstra svæða.

1.4 Aðskilnaður mengunarvarna og náttúruverndar

Umhverfisstofnun fer nú bæði með mengunarmál og náttúruvernd. Frumvarpsdrög þau sem nú eru til kynningar af hálfu ráðuneytisins leggja til að festa það fyrirkomulag í sessi. Ekki er þó vikið einu orði að röksemdum fyrir slíkum samrekstri þessarra tveggja höfuðgreina umhverfisverndar í athugasemdum við frumvarpsdrögin. Því er stjórn Landverndar engu nær um rök fyrir því.

Athyglisvert er að ekki er heldur í frumvarpi til nógildandi laga um Umhverfisstofnun sérstaklega fjallað um samþættingu mengunarmála og náttúruverndar, eða að öðru leyti dregin fram kostir og ókostir þess að reka þá málaflokka saman í einni stofnun.

Í Hvítbók um löggjöf um vernd náttúrunnar er hinsvegar fjallað um þetta og dregin sú ályktun að þessir málaflokkar eigi ekki vel saman. Í kafla 21, sem ber heitið *Stjórnvöld náttúruverndarmála*, er farið yfir stjórnábyrgð náttúruverndar á Íslandi og öðrum Norðurlöndum. Þar kemur fram:

“Þrátt fyrir aukna áherslu á samþættingu verkefna hafa Noregur, Danmörk og Finnland tekið skýra afstöðu í því að aðgreina tvær höfuðgreinar umhverfismála, þ.e. náttúruvernd annars vegar og mengunarmál hins vegar, og fela þær ólíkum stofnunum. Í Svíþjóð eru þessir málaflokkar hins vegar reknir að talsverðu leyti saman innan einnar stofnunar.“

Stjórn Landverndar fær ekki séð að rök standi til þess að hafa þessar tvær höfuðgreinar saman í Umhverfisstofnun, eftir að stofnuð yrði þjóðgarðastofnun eða landvörslustofnun sem færi með umsjón og rekstur á sviði náttúruverndar.

Aðskilja ber mengunarmál og náttúruvernd í stofnanaskipulagi, að mati Landverndar.

1.5 Tillaga Landverndar

Stjórn Landverndar ályktar að leggja beri frumvarpsdrög um Umhverfisstofnun til hliðar að svo stöddu, þar til náttúruvernd hefur verið fundinn framtíðarstaður í stofnanauppbyggingu ráðuneytisins. Leggur stjórn Landverndar til að ráðuneytið setji kraft í vinnu við undirbúning stofnunar þjóðgarðastofnunar eða Landvörslustofnunar Íslands, er fari með umsjón og rekstur þjóðgarða og annarra friðlýsta svæða, og önnur verkefni á sviði náttúruverndar, þ.m.t. undirbúning friðlýsinga. Þá verði umsjón þjóðlendna færð undir nýja þjóðgarðastofnun eða landvörslustofnun.

Samtökin lýsa sig reiðubúin til að taka þátt í slíkum slíkum undirbúningi og áætlun, í samræmi við ákvæði Árósasamningsins.

2 Kynning frumvarpsdraganna og tilefni lagasetningar

Hvítbók 2011

”[...] í flestum [hinna Norður]landanna er, þrátt fyrir aukna samþættingu, skilið á milli náttúruverndar og mengunarmála í stofnanaskipulagi”

Stjórn Landverndar sér ástæðu til að gera í þessum kafla sérstaka athugasemd við kynningu frumvarpsdraganna sem nú eru til umfjöllunar af hálfu ráðuneytisins.

Ríkisendurskoðun 2006

„ [...] auknar fjárveitingar til uppbyggingar og viðhalds í þjóðgörðum hafi í raun verið notaðar í annan rekstur Umhverfisstofnunar.“

Þannig er í kynningu og athugasemdum með frumvarpsdrögum einungis vikið mjög stuttlega og með almennum hætti að því að Ríkisendurskoðun hafi komið fram með ábendingar um þá stofnun sem um ræðir. Ekkert er hinsvegar vikið að þeirri staðreynd að í stjórnsluúttekt er Ríkisendurskoðun hafi gert 2006, að beiðni ráðuneytisins og að frumkvæði Umhverfisstofnunar, hafi komið fram upplýsingar um alvarlegar brotalamir í starfsemi Umhverfisstofnunar. Því síður kemur fram í kynningu eða athugasemdum með frumvarpsdrögum sérstaklega, að ein af ábendingum Ríkisendurskoðunar árið 2006, sem ítrekuð hafi verið í skýrslu til Alþingis um eftirfylgni árið 2010, og enn ítrekuð árin 2011 og 2014, hafi verið að ráðuneytið hlutaðist til um að leggja fram heildstæða löggjöf um Umhverfisstofnun. Látið er nægja að greina frá því með mjög almennum hætti.

Mikilvægast er þó etv. að ekki er greint frá því að Ríkisendurskoðandi beindi því í stjórnsluúttektinni 2006 til ráðuneytisins að fram færi athugun á því hvort rekstur þjóðgarða og annarra friðlýstra svæði væri betur kominn annarsstaðar en hjá Umhverfisstofnun, sem og breytt fyrirkomulag heilbrigðiseftirlits. Ekki er heldur getið um það að ráðuneytið hafi einmitt látið tvö ráðgjafarfyrirtæki, Capacent og Stjórnarhætti, athuga stofnanauppbyggingu þess 2009 og 2011, væntanlega í tilefni ábendingar Ríkisendurskoðanda, þar á meðal með tilliti til reksturs þjóðgarða og fyrirkomulags heilbrigðiseftirlits, né að í tillögum frá Umhverfisstofnun af því tilefni hafi verið lagt til að hugað yrði að sameiningu allra þjóðgarða og friðlýstra svæða undir einni stofnun, sem og því að heilbrigðiseftirlit, er nú er á hendi sveitarfélaga, yrði fært til Umhverfisstofnunar. Hvorki skýrsla Capacent né Stjórnarháttanna hefur verið gerð aðgengileg á internetinu.

Í framangreindum gögnum er lögð til sameining allra þjóðgarða og friðlýstra svæða undir einni stofnun, þjóðgarðastofnun. Þessa lætur ráðuneytið hreinlega ógetið.

Engin úttekt sem Landvernd hefur undir höndum mælir hinsvegar með því að núverandi fyrirkomulagi verði haldið áfram, líkt og lagt upp með í frumvarpinu. Þannig skortir algerlega að nýttar séu faglegar úttektir sem vissulega hafa margar farið fram í þeim tilgangi að styrkja stofnanauppbyggingu á sviði náttúruverndar.

Ekkert af þessu er reifað í kynningu eða athugasemdum með frumvarpsdrögum þeim sem nú eru lögð fram.

Augljóst má vera af framansögðu, að tilefni lagasetningar eru ábendingar Ríkisendurskoðunar í stjórnsluúttekt árið 2006. Þótt réttur áratugur sé síðan sú vinna fór af stað er eðlilegt að gera grein fyrir þessum aðdraganda í athugasemdum með frumvarpi og að ráðuneytið sé nú að bregðast við ábendingu frá Ríkisendurskoðanda frá 2006, auk allra ofangreindra skýrslna sem í kjölfarið komu.

Almennt kynningarferli um lagasetningu líkt og hér er lögð til, felur í sér að kynna þarf almenningi í upphafi máls, og síðar löggjafarþinginu ef til kemur, allar forsendur og hugmynd að baki lagasetningarfyrirlunum. Þar á meðal að upplýsa, hvort tillögur í skýrslunum, hverri fyrir sig, séu teknar upp í frumvarpsdrögin, og ef ekki, hvers vegna það er ekki gert.

Tekið er fram að Landvernd óskaði eftir gögnum úr ráðuneytinu, m.a. ráðgjafarskýrslu Capacent og tillögum Umhverfisstofnunar, og var veittur aðgangur að þeim gögnum innan 2ja daga. Hefur Landvernd notið góðs af þessum tillögum við gerð umsagnar þessar, auk skýrslna Ríkisendurskoðunar um stjórnsluúttektina og eftirfylgni hennar, og annars aðgengilegs efnis.

Að mati stjórnar Landverndar er það með ólíkindum að niðurstöðum umfangsmikillar ráðgjafarvinnu sé algerlega haldið utan við frumvarpsdrög þau sem ráðuneytið hefur nú lagt fram til kynningar – ekki einu sinni minnst á þær. Landvernd mótmælir slíkum vinnubrögðum harðlega.

3 Vandi Umhverfisstofnunar er vandi náttúrunnar

Landvernd vill nota þetta tækifæri til að fara nokkrum orðum um vanda Umhverfisstofnunar, hvernig nýjum og eldri verkefnum hennar á sviði náttúruverndar er fyrir komið, undirbúningi friðlýsinga og fjármagni til þeirra og hvernig þessi djúpstæði vandi heldur náttúruvernd í gíslingu.

3.1 Friðlýsingartregðan

Stjórn Landverndar hefur vaxandi áhyggjur af stjórnslu og stöðu friðlýsingarmála á Íslandi. Skemmst er frá því að segja að nú, þegar á fjórða ár er liðið frá því að Alþingi samþykkti að 20 svæði skyldu vernduð gagnvart nýtingu, hefur ekkert svæði verið friðlýst og mjög takmarkaðar fregnir eru af undirbúningi friðlýsingar neins þeirra. Hér er vísað til laga nr. 48/2011 og þingsályktunar nr. 13/141.

Umhverfisstofnun 2016

„Mögulega verður hægt að ljúka 1-2 friðlýsingum sem varða svæði í verndarflokki rammaáætlunar.“

Þá virðist einnig sem eindæma hægagangur, þannig að jaðrar við sinnuleysi, sé í undirbúningi friðlýsinga annarra svæða. Afar fá svæði hafa verið friðlýst undanfarin ár. Á vefsvæði Umhverfisstofnunar kemur fram að stofnunin undirbýr friðlýsingu á tveimur svæðum, Látrabjargi og Þjósárverum. Með ólíkindum má teljast að einungis sé verið að undirbúa tvær friðslýsingar, auk þess sem þessi tvö svæði hafa verið í undirbúningi fyrir friðlýsingu í fjölmörg ár, fyrrnefnda svæðið í fimm ár en síðustu upplýsingar á heimsíðunni eru árs gamlar, þó komið hafi fram í svörum sviðsstjóra Umhverfisstofnunar til framkvæmdastjóra Landverndar í janúar sl. að „stórir fundir“ hafi verið haldnir í desember sl. vegna þessa undirbúnings. Nýjustu upplýsingar um síðarnefnda svæðið, sem varðar stækkun friðlands í Þjósárverum, eru meira en tveggja ára gamlar. Engar upplýsingar eru tilgreindar um undirbúning friðlýsinga annarra svæða. Landvernd lítur á þessar takmörkuðu upplýsingar á vefsvæði Umhverfisstofnunar yfir friðlýsingar í undirbúningi sem birtingarmynd þess hve lítið er að gerast í þessum málaflökki í stofnuninni, svo ekki sé talað um hve ógagnsætt ferlið er.

Ríkisendurskoðun 2006

„Í reynd nýtti stofnunin á fyrstu rekstrarárum sínum umtalsvert fjármagn, sem ætlað var til slíkra viðhalds- og uppbyggingarverkefna [þjóðgarða og annarra friðlýstra svæða], til að kosta almennan rekstur [...]

Landvernd hefur margsinnis óskað eftir upplýsingum og skýringum frá Umhverfisstofnun undanfarin misseri varðandi starfsemi er lýtur að friðlýsingum, bæði þeirra er tilheyra Rammaáætlun og annarra friðlýsingarmála. Skemmst er frá því að segja að alger ládeyða hefur verið í friðlýsingum árin 2013, 2014 og 2015. Ekki er búist við miklu í ár, eftir því sem næst verður komist.

Í svari Umhverfisstofnunar við fyrirspurn Landverndar nú í janúar 2016 kemur fram, að rúmlega eitt stöðugildi hefur þó að jafnaði verið í þessum málaflökki og fjárveiting mun hafa verið eyrnamerkt undirbúningi friðlýsinga, 15 m kr., árlega 2004 til 2008, en það mun hafa jafngilt um einu og hálfu stöðugildi. Eftir það voru engir fjármunir eyrnamerkir friðlýsingum, en frá árinu 2010 6 m. kr. árlega. Árið 2013 var veitt 28 m kr. sérstaklega til að undirbúa friðlýsingar svæða í verndarflökki skv. lögum nr. 48/2011 einungis.

Eftir því sem næst verður komist, var ekkert fé sérgreint til friðlýsinga á fjárlögum 2014 og 2015, hvorki þeirra sem skylt er að undirbúa skv. lögum nr. 48/2011, né annarra friðlýsinga sem Umhverfisstofnun skal undirbúa skv. náttúruverndarlögum. Ekki er heldur sérgreint fjármagn til friðlýsinga á fjárlögum 2016. Hins vegar er sérgreint fjármagn til að vinna stjórnunar- og verndaráætlanir sem nemur tveimur stöðugildum árið 2016, en það tengist gildistöku nýrra náttúruverndarlaga sérstaklega, sjá kafla 3 hér fyrir neðan. Það fé verður því ekki nýtt til undirbúnings

friðlýsinga, eftir því sem næst verður komist. Landvernd er þó ekki alveg ljóst hvert svigrúm Umhverfisstofnunar telur sig hafa við nýtingu fjárveitinga, sbr. svar sviðsstjóra stofnunarinnar til framkvæmdastjóra Landverndar frá 28. janúar 2016:

“Gert er ráð fyrir að vinna að 3 friðlýsingamálum á árinu 2016 sem varða svæði í verndarflokki rammaáætlunar. Mikil óvissa er ávallt í því hvenær friðlýsingarmálum lýkur. Ný náttúruverndarlög lengja feril friðlýsinga talsvert, t.d. er kveðið á um þriggja mánaða auglýsingafrest á friðlýsingatillögu. Ekki eru færðir til fjármunir úr öðrum málaflokkum en fjármagn sem teymið hefur til ráðstöfunar til ferða og funda er nokkuð rýmra 2016 en árið 2015 og nýttist betur með stækkun teymisins sbr. hér að ofan. [...] Mögulega verður hægt að ljúka 1-2 friðlýsingum sem varða svæði í verndarflokki rammaáætlunar.[...]”

Ljóst er að borin von er að friðlýsingu 20 svæða í verndarflokki skv. lögum nr. 48/2011 sbr. þingsályktun nr. 13/141 frá 14. janúar 2013 verði lokið innan þess tíma er þau lög gera ráð fyrir, en fjögur ár verða frá samþykkt Alþingis í janúar n.k. Ekkert til tvö af 20 svæðunum verða friðlýst innan þess tíma, ef marka má svör sviðsstjórans, auk þess sem ekki virðist vera gert ráð fyrir því að unnt sé að vinna að, eða ljúka, neinum öðrum friðlýsingum ár árinu 2016.

3.2 Útfærsla verkefna - eða ný verkefni náttúruverndarlaga

Svo virðist sem Umhverfisstofnun telji sig alls ekki fá það fé til málaflokksins náttúruverndar sem þurfi. Málaflokkurinn virðist ævinlega verða undir. Í umsögn efnahags- og fjármálaráðuneytis um náttúruverndarfrumvarpið 2013 voru þannig talin upp á annan tug verkefna er Umhverfisstofnun yrði falið yrði það að lögum er ættu það sammerkt að eiga sér nú þegar stoð í áðurgildandi lögum, en breyting þeirra felst fyrst og fremst í frekari skilgreiningum og ítarlegri útfærslu á ákvæðum núgildandi laga. Sagði í umsögninni:

„Því verður ekki séð að hér sé í teljandi mæli um ný verkefni að ræða hjá Umhverfisstofnun heldur er í flestum tilfellum eingöngu um lítils háttar aukningu í umfangi verkefna að ræða, svo sem við gerð umsagna. Gera má ráð fyrir að slík verkefni séu hluti af núverandi stjórnsýsluverkefnum í samræmi við hlutverk stofnunarinnar sem ættu að rúmast innan gildandi fjárheimilda hennar.“

Umhverfisstofnun sjálf er algerlega ósammála þessu mati fjármála- og efnahagsráðuneytis, og segir í minnisblaði til Alþingis dags. 27. febrúar 2013:

Stjórnarhættir 2011

“Mikilvægt er að efla starfsemi þjóðgarða og annarra friðlýstra svæða frá því sem nú er. Gera má ráð fyrir auknum fjölda ferðamanna og aukinni áherslu á takmörkun umhverfisspjalla”

„Í umsögn fjármála- og efnahagsráðuneytis kemur fram að aukin stjórnarsýsla í frumvarpinu eigi það sammerkt að eiga sér nú þegar stoð í gildandi lögum og að ekki sé í teljandi mæli um ný verkefni að ræða hjá Umhverfisstofnun. Lítur ráðuneytið á að eingöngu sé um að ræða lítills háttar aukningu í umfangi verkefna. Umhverfisstofnun bendir á að í samantekt stofnunarinnar er gert ráð fyrir að umrædd aukning geti falið í sér verkefni fyrir allt að 3 starfsmenn og telur stofnunin nauðsynlegt að hún hafi burði til að sinnum nýjum verkefnum sem henni eru falin.“

Afleiðing af þessu hlýtur að verða, að Umhverfisstofnun sinnir þessum verkefnum ekki eða illa.

3.3 Ný verkefni

Í umsögn efnahags- og fjármálaráðuneytis um frumvarp til núgildandi náttúruverndarlaga er einnig fjallað um ný verkefni Umhverfisstofnunar er fælust í stöðugildum umdæmislandvarða vegna fyrirhugaðrar skiptingar landsins í náttúruverndarumdæmi. Ekki lá fyrir hve umdæmin yrðu mörg, en yrðu þau tvö næmi árlegur viðbótarkostnaður 23 m. kr. en 80,5 m. kr. yrðu þau sjö. Gert var ráð fyrir að kostnaði vegna verkefna Umhverfisstofnunar við námskeiðahald um náttúruverndarlög og hlutverk náttúruverndarnefnda að loknum hverjum sveitarstjórnarkosningum, 7 m. kr. á fjögurra ára fresti, yrði mætt með námskeiðsgjöldum. Þá er í umsögninni gert ráð fyrir að bæta þurfi við einum starfsmanni til viðbótar við umdæmislandverði, til að vinna að gerð umsýsluáætlana (nú stjórnunar- og verndaráætlun) fyrir um 100 friðlýst svæði á næstu 10 árum (skal vera lokið fyrir 1. júlí 2023) og að áætlaður kostnaður við þetta væri um 9 m kr. á ári. Á þessum grundvelli ályktaði efnahags- og fjármálaráðuneytið að samanlagt mætti ætla að frumvarpið feli í sér að á fyrsta ári gildistöku ykjast útgjöld Umhverfisstofnunar sem næmi um 32 m.kr. á ársgrunni, einkum vegna þriggja nýrra starfa.

Umhverfisstofnun sjálf virðist alveg ósammála þessu og var í umsögn hennar gert ráð fyrir að þrjú ný stöðugildi þyrfti fyrir stofnunina, einungis fyrir umsýsluáætlanir (nú stjórnunar- og verndaráætlun). Um kostnaðarmat sagði Umhverfisstofnun í umsögn sinni um frumvarpið dags. 11. febrúar 2013:

„Umhverfisstofnun bendir á að mat á kostnaðaráhrifum frumvarpsins er töluvert lægra en stofnunin gerir ráð fyrir. Umhverfisstofnun áætlaði kostnað við vinnslu á drögum að frumvarpi til laga um náttúruvernd og hljóðaði kostnaðarmat upp á 304 m.kr. Kostnaðarmat frumvarpsins er nú tæpar 90 m.kr. ná þá fram að ganga, en þó 32 m.kr. fyrst um sinn. Töluvert ber á milli hugmynda Umhverfisstofnunar og umsagnar Fjármála- og efnahagsráðuneytis þar sem stofnunin telur að ráðuneytið hafi vanmetið aukið umfang almennrar stjórnarsýslu náttúruverndmála. Sem dæmi má nefna

störf í fagraði náttúruminjaskrár, aukin stjórnýsla vegna umferðar um vötn, úrlausna um ólögmætar hindranir og undanþágu frá lögum um akstur utan vega og þá heimild til stofnunarinnar til að veita undanþágu frá friðun vistkerfa, vistgerða og tegunda.“

Í minnisblaði Umhverfisstofnunar til Alþingis 27. febrúar 2013 sagði:

„Umhverfisstofnun telur að stofnunin þurfi að lágmarki um 6 ný stöðugildi vegna nýrra stjórnýsluverkefna (3 starfsmenn) og til að sinna gerð umsýsluáætlana (3 starfsmenn, þ.e. 2 fyrir núverandi svæði og 1 fyrir ný svæði) eða um 57 m.kr. árlega. Vegna nýrra umdæmislandvarða um 2 til 7 ný stöðugild eða um 23 m.kr. til um 80 m.kr. Auk þess kemur til annar kostnaður um 30 m.kr. árlega til m.a. aðgerða gegn framandi lífverum, kynningarkostnaður vegna friðlýsinga, hýsing gagna, aðkeypt þjónusta vegna öryggisúttekta o.s.frv. Heildar árleg aukning útgjalda yrði að mati Umhverfisstofnunar um 110 m.kr á ári og gæti orðið allt að 190 m.kr. verði umdæmislandverðir 7 talsins.“

Hvítbók 2011

“[...] óheppilegt [...] að stjórn þjóðgarða landsins sé ekki samræmd og telur æskilegt að yfirstjórn þeirra væri í höndum einnar stofnunar”

Í fjárlögum yfirstandandi árs er 63 m. kr. hækkun fjárheimilda Umhverfisstofnunar, vegna landvörslu og gildistöku náttúruverndarlaga, þ.m.t. vegna tveggja stöðugilda við gerð stjórnunar- og verndaráætlana. Engin fjárveiting er hinsvegar til undirbúnings friðlýsinga, líkt og kom fram hér að framan.

Af ofangreindu ályktar stjórn Landvernd að sama staða sé uppi og var fyrir áratug, er stjórnýsluúttekt Ríkisendurskoðunar fór fram, og árið 2009 er skýrsla Capacent var gerð. Fjármagni virðist þannig ekki veitt til þess að Umhverfisstofnun geti sinnt lögbundnu hlutverki sínu. Á þetta einkum og sér í lagi við á sviði náttúruverndar, einkum að því er varðar undirbúning friðlýsinga og rekstur friðlýstra svæða. Þannig sagði í stjórnýsluúttektinni að auknar fjárveitingar til Umhverfisstofnunar hefðu átt að nýtast betur, stofnunin þurfi að gæta betur að forgangsröðun og þar kom einnig fram að stofnunin taldi fjarri því að hún fengi nægt fé til þess að sinna verkefnum sínum. Í skýrslu Capacent kom fram að að mati margra hefur málaflokkurinn friðlýst svæði og þjóðgarðar ekki fengið nægjanlegt vægi, og voru rök m.a. þess vegna talin fyrir því að sameina friðlýst svæði í einni stofnun. Náttúruverndin virðist alltaf hafa orðið útundan.

Meðal annars er ljóst að Umhverfisstofnun hefur ekki fjármagn á yfirstandandi ári til þess að uppfylla ákvæði laga nr. 48/2011. Undirbúningur hófst við friðlýsingu svæðanna 20 á árinu 2013 en síðan þá hefur engin undirbúningur farið fram á friðlýsingu svæðanna (staðfest með tölvupósti sviðsstjóra á Umhverfisstofnun til framkvæmdastjóra Landverndar 22. jan. 2016). Eftir stendur að ekkert svæðanna

hefur í raun verið friðlýst. Þó mæla ákvæði laga 48/2011 fyrir um að friðlýsingum þeirra svæða sem Alþingi setur í verndarflokk skuli að mestu lokið áður en ráðherra leggur fram nýja tillögu að flokkun, og það skal hann gera a.m.k. á fjögurra ára fresti,

Bendir því fátt eða ekkert til þess að Umhverfisstofnun muni uppfylla lagaskyldu sína í samræmi við ákvæði laga 48/2011 og 60/2013 á sviði undirbúnings friðlýsinga.

Þau drög að frumvarpi sem ráðuneytið hefur nú lagt fram til kynningar gera ekkert til að snúa við þeirri óheillaþróun sem friðlýsingarmálin eru föst í.

Stjórn Landverndar skorar á ráðuneytið að takast á við friðlýsingartregðuna, í stað þess að leggja fram haldlaust lagaframvarp að því er varðar þennan djúpstæða vanda Umhverfisstofnunar – og þar með náttúrunnar sjálfrar.

Fyrir hönd stjórnar Landverndar,

Snorri Baldursson, formaður

Guðmundur Ingi Guðbrandsson
framkvæmdastjóri

Sif Konráðsdóttir
hæstaréttarlögmaður

Afrit:
Ríkisendurskoðun